

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**799. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 26. ágúst 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### Dagskrá:

1. Bréf Eydísar Aðalbjörnsdóttir.
2. Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.
3. Aðalfundarboð Fasteignafélagsins Borgar ehf.
4. Fjárhagsbókhald – 2. Ársfjórðungur.
5. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun Húnaþings vestra 2013.

### Afgreiðslur:

1. Lagt fram bréf Eydísar Aðalbjörnsdóttur, uppsögn á starfi sviðsstjóra fjölskyldusviðs Húnaþings vestra. Uppsögnin er með 3ja mánaða uppsagnarfresti sem hefst 1. september nk. Byggðarráð þakkar Eydísi fyrir vel unnin störf fyrir Húnaþing vestra og felur sveitarstjóra að auglýsa starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs laust til umsóknar.
2. Lögð fram umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags fyrir Chloe Önnu Borg Bergmann Aronsdóttur. Sótt er um skólavist í Lækjarskóla í Hafnarfirði. Byggðarráð samþykkir umsóknina. Lagðar fram umsóknir um námsvist í Grunnskóla Húnaþings vestra fyrir Maríu Kanak Valgarðsdóttur, lögheimili í Kópavogi og Elfu Maríu Guðmundsdóttur lögheimili í Reykjavík Byggðarráð samþykkir umsóknirnar.
3. Lagt fram aðalfundarboð Fasteignafélagsins Borgar ehf. sem haldinn verður fimmtudaginn 29. ágúst nk. kl:13:00 í veitingastaðnum Hlöðunni á Hvammstanga. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
4. Fjárhagsbókhald 2. ársfjórðungur. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs lagði fram yfirlit um stöðu fjárhagsbókhalds eftir fyrstu 6 mánuði ársins og samanburð við fjárhagsáætlun ársins. Heildarniðurstaða rekstursins er í samræmi við fjárhagsáætlun ársins, þó skoða þurfi einstaka málaflökka.
5. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs lagði fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2013.  
Kostnaður vegna breytinga á stjórnskipulagi sveitarfélagsins, málaflökkrar skv. sundurliðun kr. 7.100.000 málaflökkrar 13 Tjaldsvæði Kirkjuhvammi kr. 540.000 og málaflökkrar 02 og 04 framlög vegna verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga kr. 708.000. Kostnaði verði mætt með millifærslu af lið 2190, ófyrirséð kr. 5.000.000 og með hagnaði af sölu Hvammstangabrautar 16 kr. 3.400.000.  
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.  
Samþykkt að taka á dagskrá.
6. Lagt fram afrit af bréfi Lánasjóðs ísl. námsmanna til Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 08.07.2013 um skipulagðan skólaakstur á vegum skóla. Fram kemur í bréfinu að Lánasjóðurinn hafnar þeim vinnureglum sem giltu á haustönn 2012, um greiðslur akstursstyrks til nemenda í dreifnámi. Lánasjóðurinn hefur nú þegar greitt beint til nemenda akstursstyrk fyrir vorönn 2013. Sviðsstjóra fjölskyldusviðs og formanni byggðarráðs falið að funda með Lín um þessi mál.

7. Lögð fram fundargerð 120. fundar landbúnaðarráðs. Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 3 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 3 atkvæðum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:34

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir. Sign.

---

Elín R. Líndal Sign..

---

Stefán Böðvarsson. Sign.

Áheyrnarfulltrúar:

---

Elín Jóna Rósinberg. Sign.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, Sign.  
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

---

Sigurður Kjartansson Sign.